

## Reglur um klippikort fyrir endurvinnslustöð í Dalabyggð

### 1. gr.

Allir eigendur fasteigna sem greiða sorphirðugjöld fá eitt klippikort á ári sem gildir fyrir 4,0 m<sup>3</sup> af gjaldskyldum úrgangi. Kortin taka gildi frá og með 1. apríl 2021 og verða kortin send til viðkomandi.

### 2. gr.

Dalabyggð afhendir íbúum klippikort sem gildir í ár fyrir allt að 4,0 m<sup>3</sup> af úrgangi til þeirra sem sem greiða sorphirðugjald vegna heimila og einbýlishúsa í þéttbýli og fyrir allt að 2,0 m<sup>3</sup> af úrgangi til þeirra sem greiða sorphirðugjald vegna frístundahúsa og einbýlishúsa í dreifbýli. Ef kortið dugir ekki út árið má kaupa nýtt. Aukakort verða seld á gámastöðinni og sér skrifstofa sveitarfélagsins um að senda reikning vegna þeirra.

### 3. gr.

Verð á aukakortum fyrir 2021 er 12.000 kr. fyrir hvert 4,0 m<sup>3</sup> kort og 6.000 kr. fyrir hvert 2,0 m<sup>3</sup> kort. Gjaldskrá er ákveðin af sveitarstjórn hverju sinni. Aukakort gilda þar til þau eru full nýtt óháð ártali.

### 4. gr.

Leigjendur fasteigna geta í upphafi fengið klippikort afhent hjá sínum leigusala (greiðanda sorphirðugjalda) eða keypt sér kort. Leigusala ber ekki skylda til að afhenda kortið en æskilegt er að það verði gert.

### 5. gr.

Aðeins er klippt af kortinu þegar um er að ræða úrgang sem er gjaldskyldur. Starfsmaður gámastöðvar kannar farminn og hvort um gjaldskyldan úrgang er að ræða og vísar á rétta gáma. Ef úrgangur kemur blandaður saman (þ.e. gjaldskylt og ógjaldskylt) þarf að greiða fyrir allan úrganginn með klippikortinu.

### 6. gr.

Aðeins er hægt að fá aðgang að svæðinu með því að framvísa klippikorti. Mikilvægt er því að hafa það ávalt meðferðis.

### 7. gr.

Ef klippikort glatast þarf að kaupa nýtt kort á gámasvæðinu sem skrifstofa sveitarfélagsins innheimtir fyrir.

### 8. gr.

Reglur þessar voru samþykktar af sveitarstjórn Dalabyggðar 14. janúar 2021.